



Reykjavíkurborg

**Starfsáætlun**  
**í mannréttindamálum**  
**2010**

## **Inngangur**

Samkvæmt Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar frá árinu 2006 ber mannréttindaráði að vinna framkvæmdaáætlun/starfsáætlun í mannréttindamálum í samvinnu við svið og skrifstofur borgarinnar, hagsmunahópa, samhliða starfs- og fjárhagsáætlunum. Tilgangurinn með áætluninni er fyrst og fremst að forgangsraða verkefnum og samhæfa vinnu sviðanna og starfsemi mannréttindaskrifstofu í málaflokknum. Unnin hefur verið stefnumótun og sérstök aðgerðaráætlun í innflytjendamálum sem samþykkt var í borgarstjórn í mars 2009 og tekur á málefnum tengdum uppruna og þjóðerni. Mannréttindaráð og mannréttindaskrifstofa bera ábyrgð á að framfylgja þeirri aðgerðaráætlun og eru þau verkefni ekki sérstaklega tilgreind hér. Rétt er að vekja athygli á því að starfsmannastefna Reykjavíkurborgar tekur til ýmissa þátta er lúta að mannréttindum starfsmanna.

## **Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar**

Mannréttindaráð starfar í umboði borgarráðs skv. samþykkt fyrir ráðið, samþykkttri í borgarstjórn 18. desember 2007. Ráðið starfar í samræmi við mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar á hverjum tíma sem og lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Ráðið tekur ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs í málum sem heyra undir verksvið þess. Mannréttindaráð sinnir stefnumótun á sviði mannréttindamála hjá Reykjavíkurborg og sér til þess að henni sé framfylgt. Ráðið kallar árlega eftir starfsáætlunum í mannréttindamálum frá sviðum borgarinnar og skýrslu um framkvæmd stefnunnar. Mannréttindaráð fær fjárhagsramma vegna verkefna sem undir það heyra og felur mannréttindastjóra að vinna starfsáætlun og tillögur í frumvarp að fjárhagsáætlun í samræmi við stefnumótun og forgangsröðun ráðsins. Mannréttindaráð ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við íbúa, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum ráðsins. Ráðið er skipað sjö fulltrúum kosnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og borgarstjórnar. Borgarstjórn kaus síðast í ráðið 22. ágúst 2008.

## Fulltrúar

Marta Guðjónsdóttir, formaður  
Björn Gíslason  
Salvör Gissurardóttir  
Zakaria Elias Anbari  
Falasteen Abu Libdeh  
Felix Bergsson  
Jóhann Björnsson

Áheyrnarfulltrúi:  
Ásdís Sigurðardóttir

## Varafultrúar

Pórdís Pétursdóttir  
Ingibjörg Óðinsdóttir  
Anna Margrét Ólafsdóttir  
Valgerður Sveinsdóttir  
Marsibil Sæmundsdóttir  
Ingibjörg Stefánsdóttir  
Drífa Snædal

Ólafur F. Magnússon

## Mannréttindaskrifstofa

Mannréttindaskrifstofu ber að vinna með mannréttindaráði og fylgja eftir ákvörðunum þess. Einnig ber skrifstofunni að:

- Fylgja eftir stefnumótun innan málaflokksins í samvinnu við mannréttindaráð
- Efla samráð innan borgarinnar í þeim málum sem stefnan nær til.
- Eiga samvinnu við félagasamtök og önnur sveitarfélög í málum sem stefnan nær til.
- Eiga samráð við tilnefnda mannréttindafulltrúa á sviðunum.
- Eiga frumkvæði að verkefnum.
- Standa vörð um að borgarbúum sé ekki mismunað vegna uppruna, litarháttar, trúarbragða, aldurs, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

## Mannréttindastjóri

Verkefni mannréttindastjóra markast meðal annars af því að fylgja eftir ákvörðunum mannréttindaráðs. Kynning og eftirfylgd við nýja mannréttindastefnu mun verða stór þáttur í starfi mannréttindastjóra á næstunni. Jafnframt er það í verkahring mannréttindastjóra að efla samráð innan borgarinnar á sviði mannréttindamála M.a. með samstarfi við tilnefnda mannréttindafulltrúa á sviðum borgarinnar. Þá tekur mannréttindastjóri þátt í margháttuðu samstarfi við aðra aðila sem sinna mannréttindamálum hér á landi, s.s. við opinberar stofnanir, félagasamtök og önnur sveitarfélög.

## **Mannréttindafulltrúar**

Á hverju sviði borgarinnar eru tilnefndir mannréttindafulltrúar eins og fram kemur í 11. kafla mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og hafa þeir umsjón með gerð mannréttindaáætlana á sviðunum. Til að tryggja samþættingu mannréttindamála og upplýsingaflæði heldur mannréttindastjóri reglulega samráðsfundi með mannréttindafulltrúum borgarinnar.

### **Mannréttindafulltrúar sviða eru:**

Helga Björg Ragnarsdóttir  
Ragnhildur Helgadóttir  
Hrafnkell Tjörvi Stefánsson  
Heiðrún Aðalsteinsdóttir  
Sigurbjörg Helgadóttir  
Helga Laxdal  
Arnfinnur U. Jónsson  
Erla Hrönn Vilhjálmisdóttir  
Berglind Bergþórsdóttir

Framkvæmdasvið  
Íþrótt- og tómstundasvið  
Leikskólasvið  
Menningar- og ferðamálasvið  
Menntasvið  
Skipulags- og byggingasvið  
Umhverfis- og samgöngusvið  
Velferðarsvið  
Mannauðsskrifstofa

## **Kynningastarf**

Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar sér um að kynna starfsáætlunina fyrir æðstu stjórnendum sviða borgarinnar. Fræðsla til millistjórnenda og starfsmanna um mannréttindamál almennt og leiðir til að vinna að jafnri stöðu kvenna og karla er í höndum mannréttindastjóra og mannréttindafulltrúa sviðanna. Á næstu misserum fer að stað kynning á mannréttindastefnunni fyrir starfsmenn borgarinnar.

## **Markmið og aðgerðir**

Í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar segir að borgaryfirvöld skuldbindi sig til að vinna að mannréttindum á fjórum megin sviðum þar sem hvert svið fyrir sig endurspeglir margþætt hlutverk og skyldur sveitarfélags sem stjórnvalds, sem atvinnurekanda, veitanda þjónustu og samstarfsaðila þeirra sem vilja beita sér í þágu mannréttinda. Í þessari verkáætlun eru sett fram markmið mannréttindanefndar, lagðar til aðgerðir til að ná settum markmiðum, gerð grein

fyrir hver ber ábyrgð á framkvæmd þeirra og innan hvaða tímamarka þau skuli unnin.

## 1. Reykjavík sem stjórnvald

Markmið	Aðgerð/ir	Ábyrgð	Tími
1.1 Tryggja markvisst og árangursríkt starf í mannréttindamálum	<ul style="list-style-type: none"> <li>Styrkja tengslanet mannréttindafulltrúa með reglubundnum fundum og fræðslu.</li> </ul>	Mannréttindastjóri Reykjavíkur	Viðvarandi
	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skilgreina hlutverk mannréttindafulltrúa á sviðum borgarinnar.</li> </ul>	Mannréttindastjóri Reykjavíkur	2010
	<ul style="list-style-type: none"> <li>Halda árlegan mannréttindadag Reykjavíkurborgar ásamt afhendingu árlegrar viðurkenningar.</li> </ul>	Mannréttindaráð	16.maí ár hvert
1.2 Tryggja að erindi sem snerta ætluð brot á mannréttindum berist á mannréttindaskrifstofu og skilgreina ferla við úrlausn slíkra erinda	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skilgreina ferla við úrlausn mála.</li> </ul>	Mannréttindastjóri og skrifstofa mannréttindamála	Vor 2010
	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hafa ferlana aðgengilega á vef borgarinnar fyrir borgarbúa, starfsmenn og stjórnendur.</li> </ul>	Mannréttindastjóri og skrifstofa mannréttindamála	Vor 2010

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tími
<p><b>1.3</b> <i>Treysta lýðræðislega stjórnun borgarinnar þannig að hún endurspegli eins og kostur er kynjahlutfall íbúa og fjölda af erlendum uppruna</i></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Framboðum til sveitarstjórnar verði sent bréf þar sem minnt er á mikilvægi jafnrar þátttöku karla og kvenna í ráðum og stjórnun borgarinnar.</li> <li>Gera úttekt á kynjahlutföllum í nefndum, ráðum og stjórnun a.m.k. einu sinni á kjörtímabili, Upplýsingar verði birtar á vefsíðu og lagðar fyrir mannréttindaráð.</li> </ul>	<p>Mannréttindastjóri f. h. mannréttindaráðs</p> <p>Mannréttindastjóri og skrifstofa mannréttindamála</p>	<p>Vor 2010.</p> <p>Í byrjun kjörtímabils og oftár þegar við á</p>
<p><b>1.4</b> <i>Gæta þess að mannréttindastefnan sé höfð til hliðsjónar við úthlutun styrkja borgarinnar</i></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Minna formenn nefnda og ráða og sviðsstjóra á þetta með bréfi með vísan í greinar 9.2 og 9.3. í mannréttindastefnu.</li> </ul>	<p>Mannréttindastjóri f.h. mannréttindaráðs</p>	<p>Í kjölfar styrk-auglýsinga á hverju ári ( sept. og mars).</p>
<p><b>1.5.</b> <i>Vinna að útfærslu verkefni í tengslum við Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla</i></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Útfærsla verkefna og mælitækja jafnhliða samvinnu við aðra þátttakendur.</li> </ul>	<p>Skrifstofa mannréttindamála</p>	<p>2010-2011</p>
<p><b>1.6.</b> <i>Auka áhrif barna og ungmenna samkvæmt ákvæðum barnasáttmála sameinuðu þjóðanna</i></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Koma á fót verkefni tengdu því að börn og ungmenni hafi rétt til að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif.</li> </ul>	<p>Mannréttindaráð í samstarfi við ÍTR/Ungmennaráð og mennta og leikskólasvið</p>	<p>2010</p>

## 2. Reykjavíkurborg sem atvinnurekandi

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tími
2.1 Gæta jafnræðis við ráðningar, tilfærslur í störfum og við launasetningu hjá Reykjavíkurborg	<ul style="list-style-type: none"> <li>Gera úttekt á launamun kynja og starfshópa starfsfólks Reykjavíkurborgar og úttektir á hlunnindum og kynna niðurstöður þeirra.</li> <li>Tryggja að viðhlítandi gögn um hlutfall kynja í stjórnendahópnum og starfsmanna liggi fyrir.</li> </ul>	Mannauðsskrifstofa ásamt sviðsstjórum í samvinnu við mannréttindaskrifstofu	2010
		Mannréttindaskrifstofa	2010
2.1.frh	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skipa starfshóps sem metur hvaða áhrif aldur hefur þegar sótt er um vinnu hjá Reykjavíkurborg og leita leiða til útbóta.</li> </ul>	Mannréttindaráð	2010
2.2 Að allt starfsfólk njóti jafnræðis á grundvelli mannréttindastefnunnar	<ul style="list-style-type: none"> <li>Verkferlar vegna kvartana eða kærumála vegna hugsanlegra mannréttindabrota á starfsmönnum verði endurskoðaðir og virkjaðir.</li> </ul>	Mannréttindastjóri í samvinnu við mannréttindafulltrúa	2010
2.3 Kynna starfsfólki stefnu, skipan og framkvæmd mannréttindamála	<ul style="list-style-type: none"> <li>Kynna stefnu, skipan og framkvæmd mannréttindamála hjá Reykjavíkurborg.</li> <li>Halda námskeið fyrir stjórnendur um mannréttindamál og mannréttindastefnuna auk fræðslu um þá málaflokka sem stefnan tekur til.</li> </ul>	Mannréttindastjóri Reykjavíkur í samvinnu við mannréttindafulltrúa  Mannréttindastjóri Reykjavíkur  Mannauðsskrifstofa í samvinnu við mannréttindastjóra	2010  2010 og endurtekin reglulega

<p><b>2.4 Auðvelda innflytjendum að hefja störf og starfa hjá Reykjavíkurborg</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þjóða upp á túlkapjónustu í nýliðakynningum og í starfsmannaviðtölum hjá Reykjavíkurborg.</li> <li>• Innflytjendur standi til boða íslenskukennsla á vinnutíma.</li> </ul>	<p>Svið Reykjavíkurborgar</p> <p>Mannauðsskrifstofa</p>	<p>2010.</p> <p>Viðvarandi</p>
<p><b>2.5. Móta stefnu í atvinnumálum fatlaðra hjá Reykjavíkurborg</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að Reykjavíkurborg móti sér stefnu um samfélagslega skyldu sína gagnvart fötluðum.</li> </ul>	<p>Mannréttindaráð</p>	<p>2010</p>

### 3. Reykjavík sem veitandi þjónustu

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tími
<p><b>3.1 Bæta upplýsingaflæði til íbúa af erlendum uppruna og einfalda þeim aðlögun og búsetu í borginni.</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Efla aðgengi að upplýsingum á vef borgarinnar.</li> <li>• Setja samræmdar vinnureglur um túlkapjónustu fyrir borgarbúa, m.a. í foreldraviðtölum í leik- og grunnskólum.</li> <li>• Halda þjóðahópadag til að kalla eftir viðhorfi innflytjenda til þjónustu Reykjavíkurborgar og leita leiða til úrbóta.</li> <li>• Koma á fót foreldranámskeiðum fyrir foreldra af erlendum uppruna til þess að styrkja þá í uppeldihlutverkinu og</li> </ul>	<p>Mannréttindastjóri í samráði við fagsvið og þjónustuskrifstofu.</p> <p>Mannréttindastjóri og mannréttindaskrifstofa í samvinnu við mannréttindafulltrúa og fjölmeningarteymi.</p> <p>Mannréttindaráð-og mannréttindaskrifstofa í samvinnu við fjölmeningarteymi Reykjavíkurborgar</p> <p>Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við leikskólasvið, heilsugæsluna og aðra aðila.</p>	<p>Viðvarandi.</p> <p>2010</p> <p>Vor 2010</p> <p>2010</p>



	aðlaga þá betur að íslensku samfélagi.		
<b>3.2</b> <i>Bæta aðgengi fatlaðra í öllum stofnunum borgarinnar</i>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Áætlun um úrbætur varðandi aðgengi fatlaðra verði unnin.</li> <li>• Unnið verði að endurbótum á eldri húseignum borgarinnar.</li> <li>• Gefa út handók vegna móttöku og innritun fatlaðra barna í grunnskólum.</li> </ul>	<p>Í samvinnu við aðgengisnefnd framkvæmdasviðs.</p> <p>Framkvæmdasvið</p> <p>Mannréttindaskrifstofa ásamt starfshópi</p>	<p>2010.</p> <p>Viðvarandi.</p> <p>2010</p>
<b>3.3</b> <i>Þjónusta borgarinnar höfði jafnt til beggja kynja og allra borgarbúa óháð aldri.</i>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Útfærðar verði aðgerðir á hverju sviði til að ná þessu markmiði.</li> <li>• Vinna áfram að verkefninu "Jafnrétti í skólum" í samstarfi við menntasvið.</li> </ul>	<p>Mannréttindafulltrúar sviðanna</p> <p>Samvinnuverkefni mannréttindaskrifstofu, Vogaskóla og Jafnréttisstofu</p>	<p>Viðvarandi.</p> <p>2010</p>
<b>3.4.</b> <i>Þjónusta borgarinnar sé aðgengileg fyrir alla hópa samfélagsins</i>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Viðmót heimasíðu Mannréttindaskrifstofu verði breytt þannig að hún verði aðgengileg fyrir alla þ.m.t. heyrnalaus, blinda og sjóndapra og innflytjendur.</li> <li>• Átak verði hafið í að gera heimasíðu borgarinnar aðgengilega fyrir alla.</li> </ul>	<p>Mannréttindaskrifstofa</p> <p>Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við þjónustuskrifstofu</p>	<p>2010</p> <p>2010-2011</p>






<b>3.5. Auka öryggi barna í borg</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Koma af stað fræðsluátaki gegn ofbeldi og kynferðisbrotum á börnum.</li> </ul>	Mannréttindaráð, Mennta- og leikskólasvið, ÍTR og þjónustumiðstöðvar	2010
<b>3.6. Auka lífsgæði eldri borgara</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Æskan og ellin. Koma á verkefni sem felur í sér að börn heimsæki aldrað og syngi, lesi upp eða annað til að draga úr kynslóðabili. Koma á reglubundnum heimsóknnum aldraðra til barna og ungmenna í skóla og tólmundastarfi.</li> </ul>	Mannréttindaráð	2010

#### 4. Reykjavíkurborg sem samstarfsaðili

<b>4.1. Eiga samvinnu við borgarbúa um mannréttindamál</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Kynna stefnu, skipan og framkvæmd mannréttindamála, s.s. með kynningarefni.</li> </ul>	Mannréttindastjóri Reykjavíkur í samráði við mannréttindafulltrúa og mannréttindaráð	2010
	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skilgreina samskipta- og ábendingaleiðir fyrir hagsmunafélög, borgarbúa og starfsmenn um hvað má betur fara í mannréttindamálum hjá Reykjavíkurborg.</li> </ul>	Mannréttindastjóri Reykjavíkur og mannréttindaskrifstofa	2010
	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fara í átak og halda ráðstefnu gegn einelti í samvinnu við stofnanir og félög í borgarsamfélaginu.</li> </ul>	Mannréttindaráð í samvinnu við mennta- og leikskólaráð	2010

	<ul style="list-style-type: none"> <li>Koma á árlegum degi helguðum baráttu gegn einelti.</li> </ul>	Mannréttindaráð í samvinnu við mennta-og leikskólaráð	2010
<b>4.2. Fjölmeningardagur</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Undirbúa ásamt ýmsum hópum árlegan fjölmeningardag.</li> </ul>	Mannréttindaskrifstofu ásamt starfshópi í samvinnu við grunn-og leiksskóla. ÍTR og þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða og Breiðholts	Maí 2010
<b>4.3. Auka öryggi borgarbúa</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Auka öryggi á og við skemmtistaði með átaki og kynningu fyrir borgarbúa.</li> <li>Auka fræðslu um nágrennavörslu.</li> </ul>	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við lögreglu, Lýðheilsustöð, veitingahúsaeigendur og frjáls félagasamtök  Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við þjónustumiðstöðvar, og hverfisráð lögreglu	2010-2011  2010
<b>4.4. Efla ráðgjöf til borgarbúa</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Koma til reynslu á fót almennri lögfræðilegri ráðgjöf fyrir borgarbúa vegna sérstaks ástands í efnahagsmálum.</li> </ul>	Mannréttindaráð í samvinnu við Orator og Laganema í HR	2010

### Litalykill

	Kyn
	Fötlun
	Aldur
	Uppruni og þjóðerni
	Almennt